



Bæjarstjórn Blönduóssbæjar AUKAFUNDUR – 25. nóvember 2003

Bæjarstjórn Blönduóss kom saman til 34. fundar þriðjudaginn 25. nóvember 2003 kl. 17:30 á bæjarskrifstofu.

Forseti bæjarstjórnar, Valgarður Hilmarsson setti fundinn og stjórnaði honum.
Mætt eru undirrituð.

Dagskrá:

1. Tillögur vegna athugasemda sjávarútvegsráðuneytisins á úthlutun 65 þorskígildistonna sem komu í hlut Blönduóssbæjar.

Afgreiðslur:

1. Blönduóssbæ hafa borist athugasemdir ráðuneytisins vegna tillagna um úthlutun á 1.500 þorskígildislestum til stuðnings sjávarbyggðum skv. reglugerð nr. 596/2003. Bæjarstjórn hefur endurskoðað tillögurnar m.t.t. athugasemda sjávarútvegsráðuneytisins og samþykkir eftirfarandi tillögur:
 - a. Blönduóssbær áætla að skipta þeim 65 þorskígildislestum sem komið hafa í hlut sveitarfélagsins milli báta sem annars vegar stunda veiðar fyrir fiskvinnslufyrirtækið Norðurós ehf. (32,5 tonn) og hins vegar milli báta sem veiða fyrir rækjuvinnslu Særúnar hf. (32,5 tonn). Þannig koma 32,5 tonn í hlut báta sem gera samning við hvora fiskvinnslustöð fyrir sig og verður þeim skipt jafnt á umsækjendur sem uppfylla neðangreind skilyrði.
 - b. Blönduóssbær mun auglýsa eftir aðilum til veiða og verður kvótanum úthlutað til jafns milli þeirra báta sem sækja um og gert hafa samkomulag við aðra hvora vinnslustöð. Uppfylla þarf eftirfarandi skilyrði:
 - i. Úthluta skal aflaheimildum til báta sem skráðir eru hjá sveitarfélaginu.
 - ii. Bátar sem ekki eru skráðir í sveitarfélaginu en eiga samstarf um veiðar við vinnslustöð á Blönduósi fá úthlutað aflaheimildum liggja fyrir skriflegt samkomulag beggja aðila, þ.e. vinnslustöðvar og bátaeigenda, þar um.
 - iii. Skilyrði fyrir úthlutun aflaheimilda er að a.m.k. 1/3 hluti áhafnar viðkomandi báts hafi haft lögheimili í Blönduóssbæ hinn 1. september 2003.

- c. Skylt er að vinnsla aflans fari fram innan sveitarfélagsins.
- d. Aflaheimild er ekki framseljanleg og þurfa hlutaðeigendur að afsala sér aflaheimildum geti þeir ekki farið að þeim reglum sem um ráðstöfun þeirra gilda.

Samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18:05.

Valgarður Hilmarsson
Jóna Fanney Friðriksdóttir
Guðmundur Ingþórsson
Ágúst Þór Bragason

Hjördís Blöndal
Auðunn Sigurðsson
Þórdís Hjálmarsdóttir